# Umsókn til skipulagsfulltrúa

**22.4.2020 14:13**

## Almennar upplýsingar:

| | |
|---|---|
| **Nafn** | Kristján Ásgeirsson |
| **Erindi nr.** | P-2020-04-22-0066 |
| **Kennitala** | 1409564309 |
| **Heimilisfang** | BÁSENDA 7, Reykjavík |
| **Póstnúmer** | 108 |
| **Símanúmer** | 5686828 |
| **Netfang** | kristjan@alark.is |
| **Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða)** | - |
| **Netfang tengiliðs** | - |

| | |
|---|---|
| **Greiðanda kennitala** | 5012131870 |
| **Greiðanda nafn** | Veitur ohf. |
| **Greiðanda netfang** | or@or.is |

## Framkvæmdasvæði

| | |
|---|---|
| **Heimilisfang/lóðarheiti** | Hlíðarendareitur við Flugvallarveg |
| **Umsækjandi er** | Í umboði eiganda |
| **Umsækjandi** | Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag |
| **Erindið fjallar um** | Breytingu á deiliskipulagi |

**Stutt lýsing á erindi**
'utskipting á erindi sem lagt var inn fyrr í dag vegna áherslubreytingar, en liður 2 í fyrra erindi fellt úr umsókninni. Einungis sótt um leyfir fyrir lóð fyrir dreifistöð rafmagns á lóða sunnan A-reits við Hlíðarenda.

**Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn – þar sem við á**

Uppdrættir

**Lýsandi nafn skjals**
Hlidarendi---Dreifistod-Breytt-deiliskipulag-2020.04.22-A1-2000-.pdf

Bréf til umsækjanda/hönnuðar

**Lýsandi nafn skjals**
Hlidarendi---Dreifistod-Breytt-deiliskipulag---bref-honnudar-2020.04.22.pdf

-

-

ALARK
arkitektar ehf.
DALVEGUR 18
201 KÓPAVOGI
SÍMAR 534-8800
FAX: 534-8818
t.: alark@alark.is
KT: 501193-2409
www.alark.is

Skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

2020.04.22

**Hlíðarendi- dreifistöð rafmagns sunnan A**

**Greinargerð**

Breytingin felst í gerð viðbótarlóðar fyrir dreifistöð rafmagns á skipulagssvæði Hlíðarenda vegna fjölgunar íbúða á skipulagsreitnum. Staðsetning er á suðlægu torgi sunnan A - reits að Flugvallarvegi.

Sérstakur stígur (skábraut) við hlið göngustígs við Flugvallarveg að göngum, sem ákveðinn var samkvæmt eldra skipulagi og gatnahönnun hverfur, þar sem ákveðið hefur verið að fella undirgöngin niður og fjarlægja samkvæmt samþykktu aðalskipulagi. Vegna þess verður hægt að forma skemmtilegt og sólríkt torg sunnan við A reit nýta hluta þess undir dreifistöð, án þess að ráðast freklega inn á friðhelgi komandi íbúa A - reits. Líta þarf á mannvirkið líkt og eins konar skúlptúr, sem byggir engu að síður á þegar byggðum Hlíðarendadreifistöðvum, hvað varðar efnisval og liti. Lagt er til að kalla fram mannvirki, sem verður stefnulaust á þessu torgi og gefa því að auki viðbótar hlutverk að hluta sem skammtíma áningarstaður með því að fella innbyggða bekki undir útbyggð bogadregin skyggni.

Í grunninn er stöðin steypt upp í samræmi við hinar Hlíðarendastöðvarnar, hvað stærð grunnmyndar og innra fyrirkomulag spenna og annars tækjabúnaðar varðar. Hringformið er því í raun viðbótar útbyggður hjúpur klæddur lerkilistum og innfelldum flötum klæddum með apellsínugulri málmklæðningu og þakið er grasilagt, allt til samræmis við þegar byggðar dreifistöðvar Hlíðarendareits. Stöðin snýr baki í íbúðareitinn en er aðgengileg götumegin frá og innfelldir áningarstaðir, snúa mót suðvestri og suðaustri. Stærð hinnar staðsteyptu eiginlegu dreifistöðvar, tækjahússins sjálfs, er áætluð ca 30m², en fótspor mannvirkisins með hringlaga hjúp, ( þakmynd) er ca 45m² og hæð þess er 4.0m.
Fjarlægð frá byggingarreit A-reits að bakhlið hinnar hringlaga dreifistöðvar er að lágmarki 11 m.

Vinna þarf endanlega yfirborðshönnun torgsins og aðliggjandi göngu- og hjólastíga til samræmis við þegar hannað yfirborð borgarlands á deiliskipulagsreitnum og gera þar nánar grein fyrir öðrum götugögnum, svo sem bekkjum, lýsingu og trjágróðri.

Virðingarfyllst, f.h. Veitna

Kristján Ásgeirsson arkitekt

# HLÍÐARENDI - DREIFISTÖÐ SUNNAN A-REITS - BREYTT DEILISKIPULAG 2020

## FYRIR




GILDANDI DEILISKIPULAG HLÍÐARENDA DAGS. 2014.04.28 MEÐ SÍÐARI TÍMA BREYTINGUM 1:1000

## EFTIR




TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI FYRIR HLÍÐARENDA, DREIFISTÖÐ SUNNAN A - REITS 1:1000

**Greinargerð**

Breytingin felst í gerð viðbótarlóðar fyrir dreifistöð rafmagns á skipulagssvæði Hlíðarenda vegna fjölgunar íbúða á skipulagsreitnum. Staðsetning er á suðlægu torgi, ætlað til dvalar fyrir gesti og gangandi, sunnan A - reits að Flugvallarvegi.

Sérstakur stígur (skábraut) við hlið göngustígs við Flugvallarveg að göngum, sem ákveðinn var samkvæmt eldra skipulagi og gatnahönnun hverfur, þar sem ákveðið hefur verið að fella undirgöngin niður og fjarlægja samkvæmt samþykktu aðalskipulagi. Vegna þess verður hægt að forma skemmtilegt og sólríkt torg sunnan við A reit nýta hluta þess undir dreifistöð, án þess að ráðast freklega inn á friðhelgi komandi íbúa A - reits. Líta þarf á mannvirkið líkt og eins konar skúlptúr, sem byggir engu að síður á þegar byggðum Hlíðarendadreifistöðvum, hvað varðar efnisval og liti. Lagt er til að kalla fram mannvirki, sem verður stefnulaust á þessu torgi og gefa því að auki viðbótar hlutverk að hluta sem skammtíma áningarstaður á suðlægu torgi með því að fella innbyggða bekki undir útbyggð bogadregin skyggni með innfelldri lýsingu.

Í grunninn er stöðin steypt upp í samræmi við hinar Hlíðarendastöðvarnar, hvað stærð grunnmyndar og innra fyrirkomulag spenna og annars tækjabúnaðar varðar. Hringformið er því í raun viðbótar útbyggður hjúpur klæddur lerkilistum og innfelldum flötum klæddum með apellsínugulri málmklæðningu og þakið er grasilagt, allt til samræmis við þegar byggðar dreifistöðvar Hlíðarendareits. Stöðin snýr baki í íbúðareitinn en er aðgengileg götumegin frá og innfelldir áningarstaðir, snúa mót suðvestri og suðaustri. Stærð hinnar staðsteyptu eiginlegu dreifistöðvar, tækjahússins sjálfs, er áætluð ca 30m², en fótspor mannvirkisins með hringlaga hjúp, ( þakmynd) er ca 45m² og hæð þess er 4.0m.
Fjarlægð frá byggingarreit A-reits að bakhlið hinnar hringlaga dreifistöðvar er að lágmarki 11 m.

Vinna þarf endanlega yfirborðshönnun torgsins og aðliggjandi göngu- og hjólastíga til samræmis við þegar hannað yfirborð borgarlands á deiliskipulagsreitnum og gera þar nánar grein fyrir öðrum götugögnum, svo sem bekkjum, lýsingu og trjágróðri. Torgarhönnun þarf einnig að taka mið af því að Veitur geti komist að veitustöð vegna viðhalds og eftirlits.

**Að öðru leyti gilda eldri skilmálar og uppdrættir.**










AR 2010-2030



HLÍÐARENDI DEILISKIPULAG

**Deiliskipulagi þessu fylgir greinargerð og skilmálar dags. 2014.04.28. Br.2015.01.10**

**Mæliblöð sýna lóðamörk, nákvæmar stærðir lóða, byggingarreiti, innkeyrslur inn á lóðir og kvaðir ef einhverjar eru.**

LYKLAR

| Tákn | Skýring |
|---|---|
| | Snúanlegt auglýsingaskilti |
| | Mörk skipulagssvæða |
| O | Opin svæði til sérstakra nota |
| | Lóðamörk |
| 000 m² | Stærð lóðar í fermetrum |
| 000 m² | Hámarks byggingarmagn |
| | Bindandi byggingarlína |
| | Óbundin byggingarlína |
| Nb | Núverandi byggingar |
| Vb | Verndað byggðamynstur |
| Nýb | Byggingarreitur, hámark |
| Nýb | Byggingarreitur, hornskorinn eða inndreginn |
| 5.hæð | Möguleg staðsetning 5.hæðar, max 50% af grunnfleti 4.hæðar |
| Inngarð/bílg | Bílgeymsla undir garði |
| | innakstur í bílgeymslur (staðsetn. ekki bundin) |
| N= | Nýtingarhlutfall lóðar án geymsla og bílgeymsla |
| 2h | Fjöldi hæða í húsi |
| | Göngu- og hjólreiðastígur |
| Z | Spennistöð |
| | Tré í göturými, fjöldi og staðsetning leiðbeinandi |
| | Flóðlýsing |
| | Sorpgryfjur á sérlóðum, fjöldi og staðsetning ekki bundin endanleg staðsetning sbr, mæliblöð |
| | Deiliskipulagsbreytingasvæði |

**Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2.mgr. 43. gr.skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í**

**____________________ þann ________ 20__**

**Til samræmis við heimild í 3.mgr. 44.gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.**

**Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild**

**Stjórnartíðinda þann __________ 20__**

____________________________

**Deiliskipulagi þessu fylgir greinargerð og skilmálar dags. 2014-04-28. Br.2015.01.10**

**Mæliblöð sýna lóðamörk, nákvæmar stærðir lóða, byggingarreiti, innkeyrslur inn á lóðir og kvaðir ef einhverjar eru.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| BREYTT | | | |
| HEITI VERKS: HLÍÐARENDI | | | |
| DEILISKIPULAGSBREYTING | | | |
| HEITI TEIKNINGAR: | | | |
| DAGS.: 2020.04.22 | HANNAÐ: JL, KÁ | YFIRF.: | TEIKNAÐ: KÁ |
| VERKNR: | KVARÐI: 1:1.000 | | |


ALARK arkitektar ehf.
JAKOB EMIL LÍNDAL ARKITEKT FAÍ KT: 050957–3229
KRISTJÁN ÁSGEIRSSON ARKITEKT FAÍ KT: 140956–4309
DALVEGI 18
201 KÓPAVOGI
SÍMI: 534 8800
FAX: 534 8818
KT:501193–2409
alark@alark.is
www.alark.is